

Umhverfisstofnun
Áb. <i>ORJ</i>
<b>22 DES. 2004</b>
<i>54.23</i>
Tilv. <i>UST20041100103</i>



Umhverfisstofnun

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu  
Arinbjörn Vilhjálmsson  
Dalbraut 12  
840 Laugarvatn

21. desember 2004  
Tilvísun: UST20041100103/óaj

**Efni: Deiliskipulag frístundabyggðar að Hraunborgum í landi Hraunkots í Grímsnesi, Grímsnes- og Grafningshreppi.**

Vísað er til bréfs skipulagsfulltrúa uppsveita Árnessýslu dags. 12. október s.l., þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um ofangreint deiliskipulag.

Skipulagssvæðin eru tvö, A og B, og eru þau sunnan Biskupstungnabrautar en vestan Kiðjabergsvegjar. Á svæði A er gert ráð fyrir 229 frístundalóðum auk þjónustuhúss og sundlaugar en á svæði B er gert ráð fyrir 118 frístundalóðum, á samtals 469 ha lands.

Á ofangreindu svæði eru að finna náttúruminjar sem falla undir 37. gr. laga nr. 44/1999 um sérstaka verndun. Um er að ræða eldhraun sem njóta sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er. Samkvæmt lögum skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar áður en veitt er framkvæmda- eða byggingarleyfi, sbr. 27. og 43. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, til framkvæmda sem hafa í för með sér röskun þessara jarðmyndana og vistkerfa.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að í 39. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd kemur fram að ekki skuli að óþörfu eyða eða spilla gróðri með mosa-, lyng- eða hrísrifi.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við deiliskipulagstillöguna.

*Framkvæmdir á svæði B*

Umhverfisstofnun hefur fengið þær upplýsingar að framkvæmdir séu þegar hafnar á svæði B. Stofnunin telur ekki rétt að hafinn sé undirbúningur mannvirkjagerðar sem er skipulagsskyld og háð byggingarleyfi viðkomandi sveitarstjórnar, sbr. 43. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum er óheimilt að hefja framkvæmdir sem háðar eru framkvæmdaleyfi eða byggingarleyfi fyrir en að fengnu leyfi viðkomandi sveitarstjórnar og skulu framkvæmdir sem háðar eru byggingarleyfi vera í samræmi við staðfest aðalskipulag og samþykkt deiliskipulag.

*Þéttleiki byggðar*

Umhverfisstofnun bendir á að deiliskipulagið gerir ráð fyrir mjög þéttri sumarhúsabyggð á svæði B og mun sú tilhögun að líkindum breyta mjög ásýnd svæðisins. Ef framtíðar sumarhúsaeigendur eiga að njóta þeirrar náttúru sem þetta svæði hefur upp á að bjóða er nauðsynlegt að gera ráð fyrir opnum svæðum til útivistar og draga úr þéttleika byggðar.


*Aðrar athugasemdir*

Staðsetning sorpgámasvæðis er mjög nærri sumarhúsalóð sem merkt er „1“, eða um 60 m. Talsvert ónæði og óþrif geta hlotist af slíku gámasvæði. Sorpgámasvæðið er einnig staðsett mjög ofarlega í landinu sem getur haft talsverð sjónræn áhrif ef ekkert verður að gert. Umhverfisstofnun telur æskilegt að gróðursett verði í kringum gámana eða smíðað grindverk í kringum þá til að draga úr sjónrænum áhrifum.


Við skipulag frístundabyggðar að Hraunborgum í Grímsnesi skal hafa í huga að spilla ekki gróðri og jarðmyndunum umfram það sem nauðsynlegt er.

Beðist er velvirðingar á því hversu lengi hefur dregist að svara erindinu.

Virðingarfyllst,



Ólafur A. Jónsson  
Sérfræðingur



Helgi Jónsson  
Forstöðumaður framkvæmda-  
og eftirlitssviðs